


*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1083*  
*komudagur 16.3.2005*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umsögn Ásátrúarfélagsins um þingmál 279: Tillaga til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng.

Fjallað hefur verið um ofangreint mál á opnum fundi Lögréttu Ásátrúarfélagsins 5. marz sl. Var það einróma álit fundarmanna, að Land míns föður myndi öðrum söngvum betur þjóna hlutverki þjóðsöngs Íslendinga.

Reykjavík, 15. marz 2005,  
Óttar Ottósson, lögsögumaður.



Alþingi  
Erindi nr. P 131/1013  
komudagur 8.3.2005

FÉLAG LEIKSKÓLAKENNARA  
Laufásvegi 81 IS-101 Reykjavík Sími 595 1111 Fax 595 1112  
fl@ki.is www.ki.is

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík.


Reykjavík, 7. mars 2005.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðsöng Íslendinga**

Stjórn Félags leikskólakennara hefur fjallað um ofangreinda tillögu. Stjórnin vill upplýsa að samkvæmt vitneskju stjórnarmanna er núverandi þjóðsöngur ekki notaður í leikskólum landsins.

Beðist er velvirðingar á hversu seint svar við erindinu berst.

Virðingarfyllst,

  
Björg Bjarnadóttir  
formaður Félags leikskólakennara

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1084*  
*komudagur 16.3.2005*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

AKADEMÍSK STJÓRNSÝSLA

Reykjavík, 14. mars 2005

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng, 279 mál.

Vísað er til bréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 4. febrúar sl., þar sem Allsherjarnefnd Alþingis óskar eftir umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng. Fjallað var um beiðnina í háskólaráði 8. mars sl. og komist að þeirri niðurstöðu að Háskóli Íslands leggst gegn því að þingsályktunartillagan verði samþykkt. Mælir ráðið fremur með því að þjóðsöngurinn haldi áfram stöðu sinni, jafnvel þótt aðrir söngvar hljóti að lifa við hlið hans þar sem það á við. Eftirfarandi sjónarmið voru höfð til hliðsjónar:

Samkvæmt þingsályktunartillögunni er ríkisstjórninni falið að endurskoða lög in um þjóðsönginn í þeim tilgangi „að taka upp nýjan þjóðsöng sem væri auðveldari í flutningi og hentaði betur til almennrar notkunar, svo sem í skólum, á íþróttakappleikjum og við önnur svipuð tækifæri.“ Í greinargerð með tillögunni eru nefndir til sögunnar nokkrir söngvar sem komi til greina sem þjóðsöngur á þeirri forsendu að þeir séu auðlærðir og auðfluttir. Einkum er þar mælt með tveimur, annars vegar „Ísland ögrum skorið“ eftir Eggert Ólafsson og Sigvalda Kaldalóns og hins vegar „Ísland er land þitt“ eftir Margréti Jónsdóttur og Magnús Sigmundsson.

Lög um þjóðsöng Íslendinga voru fyrst sett árið 1983, en „Lofsöngur“ Matthíasar Jochumssonar og Sveinbjörns Sveinbjörnssonar hafði þá fyrir löngu unnið sér hefð sem þjóðsöngur. Hvort tveggja ljóð og lag var samið í tilefni af þjóðhátíð 1874 og frumflutt við messu í Dómkirkjunni 2. ágúst það ár, að viðstöddum konungi Kristjáni IX og fylgdarliði hans. Þjóðhátíðin 1874 var haldin af miklum metnaði af þjóð sem óðum var að vakna til vitundar um sjálfstætt hlutverk sitt í samfélagi þjóðanna. Lofsöngur Matthíasar var ekki saminn með það í huga að verða þjóðsöngur, heldur beinlínis sem sálmur til flutnings við þetta sérstaka tækifæri.

Í sálminum er eindregin tilvísun til 90. Davíðssálms, en biskupinn yfir Íslandi Pétur Pétursson hafði fyrirskipað að vers úr honum skyldu vera prédikunartexti við messur í tilefni af þjóðhátíð 1874. Þar er skírskotunin til þúsund ára sem andspænis eilífðinni nema vart einum degi. Matthías beitir þessu líkingamáli í lofsöng sínum bæði til að sýna fram á fallvaltleik hlutanna og til að láta í ljós von og þrá til þess að næstu þúsund ár íslensku þjóðarinnar verði henni til gæfu og gengis. Texti Matthíasar og lag Sveinbjörns unnu sér sess sem þjóðsöngur á þeim tíma sem fór í hönd og var endurreisnartími íslensku þjóðarinnar.

Bæði Matthías og Sveinbjörn voru merkisberar nýrra tíma og nýrra vona sem Íslendingar sáu smám saman rætast í heimastrátt 1904, stofnun Háskóla Íslands 1911 og fullveldi 1918 svo einungis fáein atriði séu nefnd. Því vann lofsöngur þeirra sér þann sess að verða þjóðsöngur Íslendinga þó að það hafi fyrst verið bundið í lög árið 1983. Jafnhliða þjóðsöngnum hefur fólk gripið til annarra söngva við ýmis tækifæri. Við brautskráningu

kandídata frá Háskóla Íslands er t.d. mjög algengt að ljúka athöfninni með því að allir syngja „Ísland ögrum skorið“ eða „Yfir voru ættarlandi“. Slíkt er ósköp eðlilegt og þarf engan veginn að hafa í för með sér að hefðbundinn þjóðsöngur sé aflagður. Ef íþróttahreyfingunni finnst tilhlýðilegra að nota annan söng við íþróttakappleiki en þjóðsönginn, þá ætti henni að vera það heimilt án þess að þjóðsöngurinn þurfi við það að missa stöðu sína sem slíkur. Fólk hlýtur hér eftir sem hingað til að mega grípa til annarra söngva jafnhliða honum við tækifæri er því finnst við hæfi að syngja óð til ættjarðarinnar. „Ísland ögrum skorið“ hefur sérstaklega áunnið sér sess sem annar þjóðsöngur Íslendinga. Hins vegar hefur tónlistarfólk bent á að unnt sé að flytja þjóðsönginn þannig að hæðarleikur ætti að vera fyrir þorra fólks að syngja hann, þar á meðal landsliðsmenn á íþróttakappleikjum.

Í þessu sambandi má benda á annað. Á þeim tíma sem þjóðsöngurinn var að vinna sér hefð, ríkti mikil og sterk þjóðerniskennd meðal Íslendinga. Þjóðsöngur okkar er samt sem áður án hvers konar þjóðernislegrar skírskotunar. Sigurbjörn Einarsson gengur svo langt að segja um hann: „Enda er það víst að enginn þjóðsöngur veraldar er eins sneyddur sjálfsdýrkun og sjálfshroka.“ Sama má raunar segja um „Ísland ögrum skorið“ og „Yfir voru ættarlandi“. Þar er talað til landsins og um landið í auðmýkt og með bænarorðum sem minna þjóðina á hvers konar gjöf landið er og á ábyrgð okkar við að ávaxta þá gjöf og efla.

Virðingarfyllst,  
F.h. rektors,



Þórður Kristinsson  
Framkvæmdastjóri akademískrar stjórnsýslu

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS  
THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,  
Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is, www.olympic.is



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/913*  
*komudagur 1.3.2005*

**Allsherjarnefnd Alþingis**

**Reykjavík, 22. febrúar 2005**

Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 21. febrúar sl. var tekið fyrir bréf ykkar varðandi þingsáiyktunartillögu um þjóðsöng.

Eins og í öðrum hópum þjóðfélagsins eru mismunandi sjónarmið uppi í framkvæmdastjórn ÍSÍ um þjóðsöng Íslendinga. Viðurkennt er að bæði lag og texti veldur mörgum Íslendingum erfiðleikum, til að syngja og taka undir, meðal annars, þegar fram fer landskeppni í íþróttum. Þeirri hugmynd var fleygt hvort viðurkenna megi sérstakan þjóðkeppnissöng, við slík tækifæri.

Niðurstaða framkvæmdastjórnar ÍSÍ er hinsvegar sú að ÍSÍ telur það ekki í sínum verkahring að veita umsögn um framkomna tillögu

Þetta tilkynnist hér með.

**ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS**

Ellert B. Schram  
forseti

Stefán Konráðsson  
framkvæmdastjóri

ÓLYMPIÚFJÖLSKYLDAN





Alþingi  
Erindi nr. P 131/833  
komudagur 23. 2. 2005

Reykjavík 22.2.2005

Bréf til Allsherjarnefndar Alþingis

Frá: Karlakór Reykjavíkur

Erindi: Tillaga um nýjan þjóðsöng.

Á fundi í karlakór Reykjavíkur þann 22. febrúar 2005 var tekið fyrir erindi Alþingis vegna tillögu um nýjan þjóðsöng.

Það var samdóma álit fundarmanna alls 70, utan eins að ekki ætti að skipta þjóðsöng okkar út fyrir annan.

Með kveðju

F.h. Karlakórs Reykjavíkur

Ottó Vestmann Guðjónsson  
formaður karlakórs Reykjavíkur.

Alþingi  
Erindi nr. P 131/796  
komudagur 17.2.2005



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2005.


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng,  
279. mál.**

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands fjallaði um ofangreinda tillögu á fundi sínum 11. febrúar sl. Það er skoðun stjórnar KSÍ að núverandi söngur, Ó, guð vors lands, eigi áfram að vera þjóðsöngur Íslendinga.

*Virðingarfyllst,*  
f. h. Knattspyrnusambands Íslands,

Geir Þorsteinsson,  
framkvæmdastjóri.

Alþingi  
Erindi nr. P 131/815  
komudagur 21.2.2005



• THE WRITERS' UNION OF ICELAND • ÍSLANDS FORFATTERFORBUND • VERBAND ISLÄNDISCHER SCHRIFTSTELLER •

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Gunnarshúsi 17. febrúar 2005


### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng

Stjórn Rithöfundasambands Íslands hefur farið yfir tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng, 279. mál.

Stjórnin telur ekki ástæðu til að valinn verði nýr þjóðsöngur þar sem haldbær rök skortir fyrir því að núverandi þjóðsöngur sé ekki vel til þess falinn að vera þjóðsöngur Íslendinga. Á það er bent í greinargerð að við sum tækifæri henti þjóðsöngurinn ekki alls kostar af því að hann sé of hátíðlegur. Á hitt má þá líka benda að við önnur tækifæri henta aðrir söngvar alls ekki vegna þess að þeir eru ekki nógu hátíðlegir.

Stjórn Rithöfundasambands Íslands telur að þjóðsöngur eigi ekki að elta tískusveiflur eða tíðaranda heldur sameina þjóðina og kynslóðirnar. Þannig geta Íslendingar verið stoltir af því að eiga jafn hátíðlegan og vandaðan þjóðsöng og raun ber vitni. Það má auðvitað raula önnur ættjarðarlög eða hvatningarsöngva hvers konar þegar það á við, t.a.m. á íþróttakappleikjum.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands

  
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, formaður




Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2005.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent Ríkisútvarpinu til umsagnar tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng, 279. mál.

Lofsöngurinn "Ó, Guð vors lands" hefur órjúfanlega skírskotun til þjóðarsögunnar í 130 ár og hefur verið fluttur á hátíðlegustu stundum íslensku þjóðarinnar, Hann hefur hljómað í Ríkisútvarpinu reglulega í 75 ár, ýmist sunginn eða í hljómsveitarútsetningum. Hinn trúarlegi andi þjóðsöngsins á sterkan hljómgrunn hjá þjóðinni og vekur eftirtekt þeirra, sem kynnast honum á erlendri grund, enda hafinn yfir hernaðaranda eða þjóðernisrembu, sem einkennir marga þjóðsöngva annarra landa. Hefur ágætlega til tekizt með "Ó, Guð vors lands" og ekkert tilefni er til að láta hann víkja fyrir öðrum síðari tíma ættjarðarsöngvum.

Virðingarfyllst,



Markús Örn Antonsson

Alþingi  
Erindi nr. P 131/935  
komudagur 2. 3. 2005

Allsherjarnefnd Alþingis.

Þjóðsöngur mál nr. 279

Stjórn Tennissambands Íslands samþykkti á stjórnarfundum sínum þriðjudaginn 15. febrúar 2005 að leggja til að þjóðsöngnum verði **ekki** breytt.

Fyrir hönd TSÍ  
Skjöldur Vatnar, formaður  
Steinagerði 16  
108 Reykjavík



# Ungmennafélag Íslands

Fellsmúla 26 • 108 Reykjavík  
sími +354 568 2929 • fax +354 568 2935  
umfi@umfi.is • www.umfi.is

Alþingi  
Erindi nr. P 131/934  
komudagur 2.3.2005

Reykjavík, 28. febrúar 2005


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

***Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng, 279. mál.***

Á 55. framkvæmdastjórnarfundum Ungmennafélags Íslands var tekið fyrir erindi frá nefndasviði Alþingis, tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng, 279. mál.

Það er einróma álit framkvæmdastjórnar UMFÍ að ekki eigi að taka upp nýjan þjóðsöng á Íslandi.

Virðingarfyllst,

  
Sæmundur Runólfsson  
framkvæmdastjóri UMFÍ



**BLITT ÁFRAM!**



Alþingi  
Erindi nr. P 131/814  
komudagur 21. 2. 2004



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstigur 25, 150 Reykjavík  
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373  
postur@utn.stjr.is • www.utn.stjr.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. febrúar 2005

Tilvísun: UTN05020046/03.G.002; 74.M.002


JEE/--

Vísast til erindis allsherjarnefndar Alþingis til utanríkisráðuneytisins, dags. 4. þessa mánaðar, varðandi tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng, 279. mál.

Ráðuneytið vill vinsamlegast taka það fram, að innan stjórnarráðsins heyrna málefni varðandi þjóðsönginn undir forsætisráðuneytið. Að því sögðu vill ráðuneytið jafnframt benda á, að þjóðsöngur Íslendinga hefur þjónað sínu hlutverki frá því landið varð sjálfstætt og fullvalda ríki, og raunar lengur. Er hann, sem þjóðartákn, eldri en bæði fáni og skjaldarmerki ríkisins og hefur verið vandlega kynntur, opinberum jafnt og óopinberum aðilum, víða um heim. Fátítt mun að ríki skipti um þjóðsöng, nema bylting verði í þjóðfélaginu.

F.h.r.

Afrit : forsætisráðuneytið.




Biskup Íslands

Alþingi  
Erindi nr. P 131/797  
komudagur 17.2.2005

**Tillaga til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng  
Umsögn biskups Íslands**

Hugmyndir um að breyta um þjóðsöng Íslendinga hafa skotið upp kollinum af og til. Yfirleitt eru rökin sú að þjóðsöngurinn sé lítt hæfur til almenns söngs svo sem á íþróttakappleikjum. Út af fyrir sig getur það verið satt og rétt, en gefur tæpast eitt og sér tilefni til þess að skipta þjóðsöngnum út fyrir auðsungnara lag. Þjóðsöngurinn er hluti menningararfsins og hefur lifað með þessari þjóð allt frá því hann var fyrst sunginn á þjóðhátíðinni 1874, þegar Íslendingar stigu fyrsta sinn fram sem þjóð meðal þjóða. Lofsöngur þeirra Matthíasar og Sveinbjörns snart innstu hjartastrengi þjóðarinnar og hefur ómað í þjóðarsálinni til þessa dags. Ef til vill vegna þess að söngurinn er bæn og þakkargjörð til almættisins, en ekki upphafning þjóðarstólts og rembu eins og þjóðsöngvar eru gjarna. Þjóðsöngur Íslendinga er bæn úr Saltaranum, nánar tiltekið 90. Davíðssálmi, og er tjáning auðmýktar andspænis þeim huga, vilja og valdi sem æðra er. Ég tel sjálfur þjóðsöng okkar fegurstan þjóðsöngva og sé enga ástæðu til að breyta honum.

Reykjavík, 11. febrúar 2005



  
Karl Sigurbjörnsson

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/916  
komudagur 1.3.2005

Hafnarfirði 27. febrúar 2005

Til Nefndarsviðs Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Til mín hefur borist beiðni frá Alþingi um álit varðandi tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng.


Því er til að svara að ég er algerlega andvígur því að skipta um þjóðsöng og sé ekki til þess nokkra ástæðu. Ef einhverjum finnst erfitt að syngja þjóðsönginn má benda á að það hefur aldrei verið auðvelt að vera Íslendingur!

Þjóðsöngurinn, bæði lag og ljóð, hæfir landi og lýð mjög vel. Fáar þjóðir geta státað af jafn glæsilegum þjóðsöng.

Þjóðsöngurinn “Ó, Guð vors lands” er fagur, rismikill og tignarlegur. Guð forði okkur frá því að missa þjóðsönginn.

Ég ítreka andstöðu mína.

Virðingarfyllst,



Egill R. Friðleifsson  
Stjórnandi Kórs Öldutúnsskóla  
Fagrahvammi 5,  
220 Hafnarfirði.